STJÓRNARTÍÐINDI B 34 — 1978

REGLUGERÐ

um framkvæmd álagningar skatta skv. IV. kafla bráðabirgðalaga nr. 96 8. september 1978.

1. gr.

Við ákvörðun á hreinum tekjum eða rekstrartapi manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. brbl. nr 96/1978 skal telja til rekstrarkostnaðar og því til lækkunar á hreinum tekjum eða til viðbótar tapi af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi þá upphæð sem ætla má að laun þessara manna hefðu numið, miðað við vinnuframlag þeirra, ef þeir hefðu unnið starfið í þágu óskylds aðila

2. gr.

Við ákvörðun á reiknuðum launum fyrir framlagða vinnu við atvinnurekstur og sjálfstæða starfsemi skv. 1. gr. reglugerðar þessarar skal farið eftir viðmiðunarreglum þeim sem settar hafa verið vegna gjaldársins 1978 á grundvelli 2. gr. reglugerðar nr. 336/1976.

3. gr.

Sú upphæð reiknaðra launa sem skv. 1. gr. reglugerðar þessarar er talin til frádráttar hreinum tekjum eða til viðbótar rekstrartapi manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi við álagningu skatta skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. brbl. nr. 96/1968 skal jafnframt talin til tekna þessara aðila við álagningu skatts skv. 9. gr. laganna.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 11. gr. brbl. nr. 96/1978 sbr. 55. gr. laga nr. 68/1971 og 21. gr. laga nr. 7/1972 öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 20. september 1978.

Tómas Árnason.

Höskuldur Jónsson.

Stjórnartíðindi B 34, nr. 334. Útgáfudagur 25. september 1978.

B 90

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.